Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Isavia Innanlandsflugvellir hefur farið yfir gögn málsins á skipulagsgatt.is, mál 580/2024.

Isavia minnir á að á skipulagssvæðinu gilda skipulagsreglur Reykjavíkurflugvallar sem setur ákveðnar takmarkanir á svæði nærri flugvellinum. Vakin er sérstök athygi á að hæðartakmarkanir taka ekki bara til hönnunar mannvirkja á svæðinu heldur einnig til tækja og tóla á byggingartíma húsa s.s. byggingarkrana, bílkrana, dæluröra steypubíla og slíks svo og trjágróðurs á svæðinu.

Þá minnir Isavia á að flugi yfir svæðið fylgir óhjákvæmilega nokkur hávaði og skert hljóðvist sem taka þarf mikið tillit til við kröfugerð hljóðvistar í skipulagsferlum og bygginga mannvirkja á svæðinu.

Virðingarfyllst
Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri

Höfundur: Sigrún Björk Jakobsdóttir/sigrun.jakobsdottir@isavia.is

Sent inn þann: 27.01.2025 , **Fyrir hönd:** Isavia

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026